

Ár 2015, miðvikudaginn 7. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, kveðinn upp í máli nr. S-444/2014:

Ákærvaldið

*(Fanney Björk Frostadóttir ftr.)*

gegn

Ólafi Ásgrímssyni

*(Guðbjarni Eggertsson hrl.)*

svofelldur

#### **d ó m u r :**

Mál þetta, sem þingfest var 2. október 2014 og dómtekið 17. desember sl., er höfðað með ákæru útgefinni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, dagsettri 19. ágúst 2014, á hendur Ólafi Ásgrímssyni, kt. 000000-0000, Hvammabraut 8, Hafnarfirði,

„fyrir líkamsárás með því að hafa, aðfaranótt sunnudagsins 1. september 2013, ráðist með ofbeldi á þáverandi sambýliskonu sína, A, á heimili þeirra að [...], slegið hana hnefahöggi í andlitið, hent henni utan í svefnherbergisskáp, hrint henni svo hún féll og lenti með vinstri öxlina á kommóðu, tók í hendi hennar og sparkaði, klæddur skóm, í vinstra læri hennar, sparkaði í hægri kálfa hennar og síðu, tók hana hálstaki með báðum höndum og henti henni utan í vegg og ýtti með höndunum á bringu hennar þannig að hún féll aftur fyrir sig og lenti á glerborði, allt með þeim afleiðingum að A hlaut brot á 7. og 8. rífi hægra megin, sár og mar á hægri olnboga, mar á vinstri öxl, mar á utanverðu vinstra læri og mar utanvert á hægra hné.

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981 og 111. gr. laga nr. 82/1998.

Af hálfu Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur hdl., fyrir hönd A, kt. 000000-0000, er krafist greiðslu miskabóta að fjárhæð kr. 1.000.000 auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 1. september 2013 en með dráttarvöxtum skv. 9. gr. sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er birt til greiðsludags. Auk þess er gerð krafa um að ákærða verði gert að greiða brotþola atvinnutjón, útlagaðan sjúkrakostnað og þjáningarbætur skv. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/21993 en fjárhæð

krafnanna liggur ekki fyrir að svo stöddu og er gerður áskilnaður um að leggja fram gögn og reikninga þeim til stuðnings allt fram að flutningi málsins í héraðsdómi. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði kom fyrir dóminn við þingfestingu málsins og neitaði sök. Þá hafnaði hann bótakröfunum. Hófst aðalmeðferð þann 11. nóvember sl. og var framhaldið 3. og 17. desember sl. Var málið dómtekið að málflutningi loknum.

### Málsatvik.

Aðdragandi málsins mun vera sá að aðilar, sem bjuggu saman, fóru á dansleik kvöldið áður. Drukku þau áfengi fyrir um daginn og mun áfengisneysla hafa verið fram eftir kvöldi. Bæði ákærði og brotþoli saka hvort annað um að hafa haldið fram hjá á dansleiknum. Ákærði mun hafa farið fyrir heim, og látið þau orð falla að hann væri búinn að gefast upp á þessu, og var að taka saman föggur sínar þegar brotþoli kom heim nokkru síðar. Í kjölfarið áttu þau einhver orðaskipti og í framhaldi átti meint árás sér stað. Brotþoli hringdi í dóttur sína og tvær vinkonur um nóttina og komu vinkona hennar og dóttir ásamt fjórum lögreglumönnum á heimili þeirra stuttu síðar. Var ákærða ekið til Hafnarfjarðar af lögreglumönnum en dóttir og vinkona brotþola urðu eftir á heimili hennar. Brotþoli leitaði á bráðamóttöku um kvöldmatarleyti sama dag og árásin átti sér stað.

### Skýrslur fyrir dómi.

Ákærði kom fyrir dóminn og kvaðst hafa farið á dansleik um kvöldið. Bæði hafi þau drukkið áfengi frá því fyrir um daginn. Ákærði kvaðst hafa misst sjónar af brotþola og við eftirgrennslan komið að henni með öðrum manni. Ákærði hafi ákveðið að fara heim og á leið sinni út hafi hann hitt kunningja sinn og sagt honum að öllu væri lokið á milli sín og brotþola. Hann hafi byrjað að pakka dótinu sínu niður og þá hafi brotþoli einnig komið heim. Hún hafi borið á ákærða að hann hafi verið að halda framhjá sér og slegið til ákærða með flötum lófa. Þau hafi staðið í svefnherbergisdyrunum og ákærði þá ýtt á brjóstakassa brotþola. Hún hafi við það flogið yfir sófaborð og áfram í sófa í stofunni. Ákærði hafi þá haldið áfram að pakka og ekki orðið var við það hvort brotþoli meiddi sig eða ekki. Minnti ákærða að brotþoli hafi dottið á hlið á borðið og síðan í sófann. Neitaði ákærði því að hafa slegið brotþola í andlit eða sparkað í hana. Ákærði hafi ekki tekið hana hálstaki. Þá kvað ákærði brotþola fá marbletti mjög auðveldlega, hún vakni oft upp á morgnana með fullt af marblettum. Taldi ákærði um þrjú korter hafa liðið frá því að hann ýtti við brotþola og þar til lögreglan kom. Kvað ákærði brotþola oftara hafa borið framhjáhald upp á sig. Þá hafi þetta ekki verið í fyrsta sinn sem hún hafi slegið hann. Brotþoli hafi verið mjög ölvuð umrætt sinn. Auk þess hafi brotþoli áður haldið fram hjá sér. Ákærði kvaðst í kjölfar þessa hafa verið í miklum

samskiptum við brotþola í gegnum smáskilaboð auk þess sem þau hafi sofð saman viku eftir atvikið.

A kom fyrir dóminn og lýsti atvikum svo að hún, ákærði og fleiri hafi farið saman á dansleik umrætt kvöld en þau hafi neytt áfengis fyrr um daginn og með mat. Brotþoli kvaðst hafa farið á salerni og þegar hún hafi komið til baka hafi henni verið sagt að ákærði væri í uppnámi og hefði sagt við vin hennar að brotþoli hafi verið að kyssa einhvern kall á dansgólfinu. Í framhaldi hafi brotþoli leitað að ákærða og séð hann dansa við og kyssa konu. Brotþoli hafi því ákveðið að láta það eiga sig og farið heim. Þar hafi þá ákærði verið kominn á undan henni og verið að pakka niður bókum og dóti frá sér og sagt að hann væri að fara vegna framhjáhalds hennar. Ákærði hafi í framhaldi ráðist á hana og barið hana, sparkað í hana og hent henni utan í vegg. Hann hafi hent henni á kómóðu þannig að blætt hafi úr öxl brotþola. Hann hafi hrint höfði hennar í vegg og sparkað í fætur og læri hennar. Hann hafi einnig slegið hana í andlit þannig að hún hafi fengið glóðarauga. Þá hafi hún verið aum í hálsinum en ákærði hafi tekið um háls hennar. Þá hafi hann hrint henni þannig að hún hafi dottið í sófa og endað á sófaborði með glerplötu. Árásin hafi ekki verið samfelld því að brotþoli hafi farið út á svalir í millitíðinni til að reykja og hringja í dóttur sína og vinkonu. Þær hafi komið með lögreglunni. Aðspurð kvaðst brotþoli eflaust hafa slegið til ákærða til að verja sig. Brotþoli kvað sér hafa liðið mjög illa en henni hafi ekki dottið í hug að fara út af sínu eigin heimili og skilja ákærða þar eftir. Brotþoli kvaðst halda að ákærði hafi verið meira drukinn en brotþoli en hún hafi gengið heim frá dansleiknum. Aðspurð kvaðst brotþoli kannast við að þau hafi haft samband með smáskilaboðum en hún hafi oft beðið ákærða um að hætta að senda sér skilaboð. Ákærði hafi til dæmis sagt í einum skilaboðunum að honum þætti leitt að hafa lagt á hana hendur. Þá kannaðist brotþoli við þá háttsemi sína, sem ákærði lýsti í smáskilaboðum, að hafa slegið til ákærða og sagt honum að drulla sér út. Aðspurð um samskipti þeirra eftir atvikið, kvað brotþoli þau hafa hist einu sinni heima hjá brotþola en hann hafi viljað hitta hana oftár en brotþoli ekki haft áhuga á því. Aðspurð um smáskilaboð aðfaranótt 22. september 2013 kvaðst brotþoli ekki muna hver hafi átt upptökin að þeim samskiptum. Brotþoli kannaðist við að hafa verið að skemmta sér þá nótt og að hafa sent ákærða þau skilaboð sem liggja fyrir í málinu. Kvað brotþoli ákærða hafa ítrekað reynt að hringja í sig og sent sér smáskilaboð sem hún hafi reynt að fyrra sig af. Þá hafi brotþoli leitað til Kvennaathvarfsins og leitað sér hjálpar hjá sálfræðingi.

Vitnið B kom fyrir dóminn og kvaðst hafa verið með aðilum umrætt kvöld á dansleik. Um fjögurleytið um nóttina hafi brotþoli hringt í vitnið og hafi brotþoli þá sagt að ákærði væri að leggja hendur á sig og beðið vitnið að koma strax. Heimili brotþola var rétt hjá staðnum þar sem dansleikurinn var haldinn. Þær D hafi hlaupið út á plan og séð lögreglubifreið, farið til lögreglunnar og hún ekið þeim heim til aðila. D hafi verið með lykila að íbúðinni, opnað og þau öll farið inn. Þar hafi brotþoli setið í sófa inni í stofu. Hafi vitnið séð um nóttina að brotþoli hafi verið bláleit í andliti og með mar á fæti. Vitnið kvaðst hafa gist hjá brotþola um nóttina en þær vinni saman. Hafi brotþoli átt erfitt í vinnu á eftir og þurft mikla hjálp en síðar hafi komið í ljós að hún var rifbeinsbrotin. Vitnið kvaðst hafa hlustað á brotþola segja lögreglunni að ákærði hafi borið á brotþola að hafa haldið framhjá ákærða. Brotþoli hafi lýst árásinni þannig að ákærði hafi hrint henni utan í dyrakarm og sparkað í hana þar sem hún lá á gólfinu. Vitnið hafi verið heima hjá brotþola dagana á eftir og reynt hafi verið að ná sambandi við ákærða til að fá

hann til að sækja dótið sitt. Vitnið kvað ákærða hafa verið frekar rólegan eftir að lögreglan hafði afskipti af honum. Vitnið taldi brotþola ekki hafa verið áberandi ölvaða.

Vitnið D kom fyrir dóminn og kvaðst hafa verið að skemmta sér með aðilum umrætt kvöld. Undir lok dansleiksins hafi móðir þess, brotþoli, hringt í vinkonu sína og beðið þær um að koma strax heim til hennar þar sem ákærði væri að ráðast á brotþola. Þær hafi hlaupið út og séð lögreglubifreið og beðið lögregluna um að koma með sér og hafi þau komið fljótlega heim til brotþola. Vitnið mundi ekki hvar brotþoli hafi verið í stofunni þegar það kom inn en brotþoli hafi titrað öll og blætt úr öxlinni á henni. Mar hafi byrjað að myndast morguninn eftir. Brotþoli hafi lýst árásinni þannig fyrir vitninu að ákærði hafi hent brotþola í sófann í stofunni og hent henni á hluti. Vitnið kvaðst ekki hafa heyrt nein læti eða átök frá íbúðinni þegar þau komu þangað.

Vitnið E kom fyrir dóminn og kvaðst hafa verið með aðilum umrætt kvöld og síðan á dansleik seinna um kvöldið. Vitnið hafi ekki orðið vitni að aðdraganda árásarinnar eða árásinni sjálfri. Vitnið hafi heyrt í brotþola morguninn eftir og brotþoli sagt sér að ákærði hafi farið reiður heim af ballinu og ásakað brotþola um að hafa kysst annan mann á ballinu. Brotþoli hafi farið heim til sín og þar hafi ákærði verið og haldið áfram að ásaka hana um framhjáhald. Brotþoli hafi lýst því þannig að ákærði hafi fyrst grýtt flösku og síðan gengið í skrokk á brotþola þannig að hafa hent henni á kómmóðu og í sófa. Brotþoli hafi verið hrædd á eftir og beðið vitnið og kærasta þess um að vera hjá sér þegar von var á ákærða til að sækja dótið sitt.

Vitnið F kom fyrir dóminn og kvaðst hafa frétt af málinu eftir á. Vitnið hafi verið með aðilum í mat um kvöldið, allir verið hressir. Seinna um kvöldið fari þau á dansleik. Þar hafi vitnið hitt ákærða síðar um kvöldið. Ákærði hafi sagt við sig að hann hafi séð brotþola með öðrum manni og kyssa hann. Vitnið hafi reynt að tala um fyrir ákærða en það ekki gengið. Vitnið hafi síðan heyrt um atvikið frá kærustu sinni. Þá hafi brotþoli beðið sig um að koma heim til brotþola og vera á meðan ákærði kæmi til að sækja dótið sitt. Ákærði hafi ekki komið þá.

G lögreglumaður kom fyrir dóminn og kvaðst hafa komið að málinu þannig að tvær stúlkur hafi komið hlaupandi að lögreglubifreiðinni umrætt kvöld og beðið lögregluna um að fara heim til brotþola. Þegar þau komu á vettvang hafi lögreglan farið inn en dóttir brotþola hafi verið með lykil að íbúðinni sem hafi verið í næsta nágrenni. Brotþoli hafi setið grátandi á stofugólfinu þegar lögreglan kom inn en allir hafi verið vel í glasi. Ákærði hafi þá verið rólegur.

Vitnið H lögreglumaður kvaðst hafa farið að beiðni annarra lögreglumanna með þeim heim til ákærða og brotþola. Þegar þau komi inn í íbúðina hafi maður og kona verið þar fyrir og hafi vitnið ekið ákærða til vinar síns í Hafnarfirði. Vitnið kvaðst örugglega hafa rætt við ákærða um það hvað hafi gerst á heimilinu en vitnið mundi ekki hvað það var. Vitnið kvaðst ekki hafa tekið eftir því hvort brotþoli hafi verið með áverka.

Vitnið I lögreglumaður kom fyrir dóminn og kvaðst hafa verið staddur í [...] ásamt vitninu H. Þeir hafi fengið beiðni um að koma ásamt öðrum lögreglumönnum að [...] vegna heimilisofbeldis. Allt hafi verið með kyrrum kjörum þegar lögreglan

kom og vitnið hafi ekið ákærða til vinar síns. Mundi vitnið eftir því að brotaþoli hafi verið grátandi þegar lögreglan kom inn. Ákærði hafi ekki rætt neitt annað við lögregluna en að konan hafi kysst annan mann á ballinu.

Vitnið J læknir gaf símaskýrslu fyrir dóminum og kvaðst ekki minnst þess að hafa hitt brotaþola sjálfur en vottorðið væri skrifað upp úr sjúkraskrá. Þegar brotaþoli hafi komið á bráðamóttöku 1. september hafi verið áverkar á hægri olnboga, grunnt sár og mar á olnboga, sár á vinstri öxl, lófástórt mar á vinstra læri og mar hægra megin á hné að utanverðu. Viku síðar hafi brotaþoli komið aftur og verið aum í brjóstakassa. Röntgenmyndir hafi verið teknar af brotaþola og hafi brot á tveimur rifbeinum komið í ljós. Kvað vitnið mjög algengt að rifbrot greindust ekki strax, jafnvel ekki fyrr en fjórum til sjö dögum eftir að brotin verði til. Vitnið kvað áverka á brotaþola vel geta samrýmt frásögn hennar um að hafa verið hent til og slegin. Áverkar eins og á brotaþola verði til af höggum og áverka á síðunni séu þar sem áverkinn á olnboganum sé. Hún gæti þess vegna hafa fengið olnbogann í síðuna og brotið rif við það án þess að hafa fengið högg beint á síðuna. Aðspurt kvað vitnið maráverkana á brotaþola ekki bera með sér að vera sérstaklega gamlir og geti samrýmt því að hafa orðið til um sólarhring áður þótt erfitt sé að tímasetja það. Varðandi rifbrotið þá hafi það ekki verið gamalt þar sem það hafi ekki verið byrjað að gróa en það sjáist tveimur til þremur vikum eftir áverka. Rifbrotin á brotaþola gætu hafa orðið til rétt áður en myndatakan fór fram en væru ekki eldri en þriggja vikna. Aðspurt um það hvort áverkar og rifbrot brotaþola geti samrýmt þeirri frásögn ákærða að brotaþola hafi verið ýtt þannig að hún hafi dottið á sófa og síðan glerborð, kvað vitnið það vel geta verið. Við það að detta og fá mikið högg á olnbogann, sem þrýstist fast að brjóstakassanum við höggið, þá geti bæði olnboginn marist og hugsanlegt að brotið komi við höggið frá olnboganum eða hendinni. Staðsetningin passi við það.

Vitnið K læknir gaf símaskýrslu fyrir dóminum og kvaðst hafa lesið úr röntgenmyndum sem teknar voru af brotaþola 7. september 2012. Kvaðst vitnið hafa séð tvö rifbrot á myndunum, á 7. og 8. rífi hægra megin hliðlægt fyrir miðjum brjóstakassanum. Brotið sjáist en ekki hafi verið mikil tilfærsla á þeim. Vitnið kvaðst aldrei hafa hitt sjúklinginn sjálfan. Aðspurt kvað vitnið ómögulegt að segja til um það hversu gamalt brotið var, það væri ekki hægt fyrr en brotið væri farið að gróa og það taki meira en tvær vikur. Kvað hann fólk geta verið rifbrotið þótt það sjáist ekki á myndum.

Vitnið L læknir gaf símaskýrslu fyrir dóminum og kvaðst hafa hitt brotaþola við endurkomu á slysadeild 7. september 2013. Kvað vitnið brotaþola hafa verið bókaða hjá vitninu á endurkomudeild vegna verkja hægra megin í brjóstakassa og baki. Brotaþoli hafi verið aum yfir 9. og 10. rífi eins og þau væru brákuð eða brotin en það væri það sama. Brotaþoli hafi verið mynduð og hafi bak og lungnamyndir ekki sýnt neitt athugasvert. Vitnið kvað sitt mat hafa verið að brotaþoli hafi verið rifbeinsbrotin. Aðspurt um það hvort eitthvað óeðlilegt hafi verið við það að brotið hafi ekki verið greint strax í upphafi, hvað vitnið það ekki vera. Ef fólk væri með brot þar sem brotaendar væru hliðraðir þá greindist það strax en ef engin hliðrun sé þá fái fólk verki eftir sjö til níu daga þegar það fer að vera meira á ferðinni. Það gæti hafa átt sér stað hjá brotaþola. Vitnið kvaðst ekki hafa skráð hjá sér ástæðu fyrir áverkanum utan að brotaþoli hafi reynt að vinna en ekki getað það lengur vegna verkja. Hins vegar kvaðst vitnið hafa skoðað forsögu brotaþola áður en hún kom í tímann og því vitað ástæðu upphaflegrar komu en mundi ekki hvort hann

hafi rætt það sérstaklega við brotþola. Vitnið kvaðst ekki geta fullyrt um það hversu langt væri frá því að brotið átti sér stað, það gæti hafa átt sér stað fyrir 1. september en einnig síðar.

### Önnur sýnileg sönnunargögn.

Vottorð J læknis, dagsett 19. september 2013, liggur fyrir í málinu. Segir í vottorðinu að brotþoli hafi leitað á bráðadeild kl. 19:10 þann 1. september 2013. Er haft eftir brotþola í vottorðinu að hún hafi verið að skemmta sér kvöldið áður með kærasta sínum þegar einhver ágreiningur hafi komið upp. Þegar þau hafi síðan komið heim hafi aftur komið upp ágreiningur og ákærði slegið hana í andlitið og hent henni til og hún lent á dyrakarmi. Þá hafi ákærði sparkað í læri hennar. Við skoðun sé sár á hægri olnboga og mar í kringum það. Einnig sé lítill marblettur á vinstri öxl. Yfir utanverðu neðanverðu vinstra læri sé um það bil lófastór marblettur. Einnig sjáist mar hægra megin á hné utanvert. Aðrir áverkar greinist ekki við skoðun. Þá segir að sár og mar þarfnist ekki sérstakrar meðferðar. Brotþoli kom aftur á bráðadeild 7. september 2013 vegna óþæginda hægra megin í brjóstakassa eftir líkamsárás 1. september 2013. Lýsti hún því að geta illa hvílst á nóttunni og kvartaði yfir óþægindum í baki og brjóstþryggjarsvæði auk öndunarerfiðleika. Við skoðun hafi lungnahlustun verið eðlileg en hún verið aum yfir mið og neðri hluta rifja í holhandarlínu hægra megin á brjóstakassa. Eymisli hafi einnig verið við bank yfir neðri hluta brjóstþryggjar. Voru röntgenmyndir teknar af brjóstþrygg og lungum. Engir áverkar hafi sést á brjóstþrygg né lungum en merki voru um lítið tilfærð brot á 7. og 8. rífi hægra megin.

Ljósmyndir af áverkum brotþola liggja fyrir í málinu og einnig af íbúð hennar þar sem árásin átti sér stað.

Nokkurt magn smáskilaboða liggur fyrir í málinu þar sem ýmist brotþoli eða ákærði eru að senda skilaboð vegna atviksins. Að auki liggur fyrir yfirlit yfir fjölda símasamskipta aðila eftir 1. september 2013.

Staðfesting liggur fyrir frá [...] um að brotþoli hafi verið frá vinnu vegna líkamsárásar frá 7. september til og með 22. september 2013. Hafi hún fengið greidd veikindalaun fyrir tímabilið.

Vottorð frá [...] liggur fyrir vegna viðtala sem brotþoli hefur átt þar eftir atvikið.

Læknabréf frá [...], dagsett 1. september 2013, liggur fyrir þar sem brotþoli lýsir árásinni þannig að ákærði hafi verið að pakka niður í tösku þegar hún kom heim af dansleiknum. Einhver ágreiningur hafi orðið og hann kýlt hana í andlitið og hent henni til og frá í dyrakarminn og sparkað í læri hennar. Brotþoli hafi fengið áfallahjálp.

Göngudeildarnóta frá LHS, dags. 7. september 2013, liggur fyrir. Kemur þar fram að greining sé rifbrot. Brotþoli hafi komið vegna óþæginda hægra megin. Hafi hún sagst vera að reyna að vinna sem [...]. Hún geti það ekki lengur vegna verkja í hliðinni. Hún hvílist ekki á nóttunni og sé einnig með óþægindi í

brjósthrygg.

Afrit kvittana vegna komu á göngudeild, röntgenmynda og afrita af gögnum, samtals að fjárhæð 19.694 krónur, liggja fyrir.

### Forsendur og niðurstöður.

Ákærði neitar sök í máli þessu en viðurkennir að hafa ýtt við brotþola þannig að hún hafi fallið á sófaborð og sófa. Ber aðilum ekki saman um aðdragandann en bæði saka hvort annað um framhjáhald umrætt kvöld. Fyrir liggur, samkvæmt framburði vitnanna D, Elísabetar og lögreglumannanna G, H og I, að vitnin komu hlaupandi að lögreglubifreiðinni og báðu þá um aðstoð þar sem verið væri að ráðast á móður D á heimili móður hennar þar rétt hjá. Fór lögreglan beint á vettvang ásamt tveimur öðrum lögreglumönnum. Var brotþoli þar fyrir grátandi og ákærði rólegur að sögn. Engu breytir fyrir úrslit málsins þótt vitnum hafi ekki borið saman um það hver fór fyrstur inn í íbúðina og hvort brotþoli sat í sófa eða á gólfinu, en innkoma þeirra mun hafa gerst nokkuð hratt.

Brotþoli lýsti árás ákærða á sig. Í læknisvottorði, sem staðfest var af vitninu J, segir að brotþoli hafi komið eðlilega fyrir og segi skýrt frá. Við skoðun sé hún með grunnt sár á hægri olnboga og mar í kringum það. Það sé einnig lítill marblettur á vinstri öxl. Yfir utanverðu neðanverðu vinstra læri sé um það bil lófastór marblettur. Einnig sjáist mar hægra megin á hné utanverðu. Aðrir áverkar greinist ekki við skoðun. Í endurkomu komu í ljós tvö rifbeinsbrot.

Ákærði heldur því fram að þau hafi verið í dyragættinni inn í svefnherbergi þeirra og hann einungis ýtt með höndunum á bringu brotþola og við það hafi hún dottið aftur fyrir sig og á sófaborðið. Hann viti ekki hvort hún hafi meitt sig við það.

Í ákæru er háttseminni lýst þannig að ákærði hafi slegið brotþola hnefahöggi í andlitið, hent henni utan í svefnherbergisskáp, hrint henni svo að hún hafi fallið og lent með vinstri öxlina á kommóðu, tekið í hönd hennar og sparkað, klæddur skóm, í vinstra læri hennar, sparkað í hægri kálfa hennar og síðu, tekið hana hálstaki með báðum höndum og hent henni utan í vegg og ýtt með höndunum á bringu hennar þannig að hún féll aftur fyrir sig og lenti á glerborði. Samrýmist þessi verknaðarlýsing þeim áverkum, sem voru á brotþola og lýst er í áverkavottorði rúmlega hálfum sólahring eftir árásina, utan að ekkert kemur fram um að brotþoli hafi kennt sér meins í hálsi eftir hálstak.

Af ljósmyndum af heimili brotþola, sem liggja fyrir í málinu, má sjá að nokkuð löng leið er frá dyrum svefnherbergisins að hornsófa og sófaborði í stofunni. Til að geta lent á sófaborðinu við það eitt að ýtt hafi verið á brotþola á bringuna í svefnherbergisdyrunum, eins og ákærði heldur fram, þurfti brotþoli að kastast yfir gang, nánast fyrir horn í stofunni og yfir sófaarm og á glersófaborð, sem var fyrir framan sófann. Til að slíkt sé mögulegt hefur höggið þurft að vera mjög þungt eða nánast að brotþola hafi verið kastað þangað af miklu afli. Er frásögn ákærða að þessu leyti mjög ótrúverðug og að engu hafandi. Þá er skýring ákærða á að brotþoli fái marbletti mjög auðveldlega og að hún vakni oft upp á morgnana með fullt af marblettum einnig að engu hafandi, enda engin gögn sem styðja slíka

frásögn.

Vitnið B kvað brotþola hafa lýst því strax á vettvangi að ákærði hafi hrint henni utan í dyrakarm og sparkað í hana þar sem hún lá á gólfinu. Vitnið D kvað brotþola hafa titrað og blætt hafi úr öxlinni á henni þegar hún kom að henni. Mar hafi byrjað að myndast morguninn eftir. Brotþoli hafi lýst árásinni þannig fyrir vitninu að ákærði hafi hent brotþola í sófann í stofunni og hent henni á hluti. Vitnið E kvað brotþola hafa sagt sér morguninn eftir að ákærði hafi fyrst grýtt flösku í hana og síðan gengið í skrokk á brotþola þannig að hann hafi hent henni á kommóðu og í sófa. Brotþoli hafi verið hrædd á eftir og beðið vitnið og kærasta þess um að vera hjá sér þegar von var á ákærða til að sækja dótið sitt.

Þrátt fyrir framburð ákærða um að brotþoli hafi veist að sér og slegið til sín, er atлага ákærða langtum meiri og grófari en brotþoli hefur gefið tilefni til en ekkert hefur komið fram um að ákærði hafi verið með áverka. Verður málsástæðu ákærða að um neyðarvörn hafi verið að ræða, og til vara að háttsemin eigi undir 217. gr. almennra hegningarlaga og beita eigi 3. mgr. 218. gr. b laganna varðandi refsingu, því hafnað.

Með framburði brotþola, sem samrýmist áverkavottorði sem fengið var rúmum hálfum sólahring eftir atvikið og aftur viku síðar vegna brotinna rifja, ásamt framburði vitnanna B, D og E, telur dómurinn fram komna lögfulla sönnun þess að ákærði hafi veist að brotþola umrædda nótt með þeim afleiðingum sem lýst er í ákæru utan að hafa tekið hana hálstaki. Þrátt fyrir tengsl þessara þriggja vitna við brotþola, telur dómurinn framburð þeirra trúverðugan, enda samrýmist hann öðrum gögnum málsins. Þá hefur ekkert komið fram um að brotþoli hafi kennt sér meins í brjóstakassa fyrr um daginn eða á dansleiknum um kvöldið. Samkvæmt framburði vitnanna J og L er algengt að verkir vegna rifbrota komi fram sjö til tíu dögum eftir áverkann. Þá liggur fyrir að brotþoli gafst upp á að vinna vegna verkja í brjóstakassa eftir atvikið og áður en hún leitaði aftur á bráðamóttöku. Telur dómurinn ofangreint staðfesta að brotþoli hafi fengið þá áverka við árásina. Verður ákærði því sakfelldur fyrir þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru og er hún réttilega heimfærð til refsíákvæða. Á ákærði sér engar málsbætur. Við ákvörðun refsingar verður litið til 3. mgr. 70. gr. laga nr. 19/1940 til þyngingar.

Ákærða hefur ekki verið gerð refsing áður. Er refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í fimm mánuði en rétt þykir að fresta fullnustu refsingarinnar og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Að þessum niðurstöðum fengnum verður ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað, sem er samkvæmt yfirliti 34.200 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðbjarna Eggertssonar hrl., á rannsóknarstigi og fyrir dóminum, 508.275 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti.

Þá verður ákærði dæmdur til að greiða þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur hdl., samtals 399.280 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Einkaréttarkrafa.

Í málinu krefst brotaþoli þess að ákærði verið dæmdur til að greiða sér 1.000.000 króna í miskabætur ásamt tilgreindum vöxtum frá 1. september 2013, útlagðan kostnað, samtals 19.694 krónur, en ekki var krafist þjáningabóta eins og í ákæru. Bótakrafan var birt ákærða 4. október 2013. Byggir brotaþoli á 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Ákærði krefst þess að bótakröfunni verið vísað frá dómi en til vara að hann verði sýknaður af henni og til þrautavara að hún verði lækkuð.

Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru með þeim afleiðingum sem þar greinir. Í broti ákærða felst ólögmat meingerð gegn brotaþola og var hún til þess fallin að valda henni sálrænum erfiðleikum auk annars tjóns. Var brotið gegn brotaþola á heimili hennar. Á brotaþoli rétt á miskabótum á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga og þykja þær hæfilega ákveðnar 500.000 krónur ásamt vöxtum eins og greinir í dómsorði. Þá verður ákærði einnig dæmdur til að greiða brotaþola útlagðan kostnað vegna brotsins, samtals 19.694 krónur.

Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### **D ó m s o r ð :**

Ákærði, Ólafur Ásgrímsson, sæti fangelsi í fimm mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, 502.920 krónur, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðbjarna Eggertssonar hrl., 468.720 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ákærði greiði þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur hdl., 399.280 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ákærði greiði A, kt. 000000-0000, 19.694 krónur í skaðabætur og 500.000 krónur í miskabætur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 1. september 2013 til 4. nóvember 2013, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ástríður

Grímsdóttir.

Rétt endurrit staðfestir

Héraðsdómur Reykjaness 7.1.2015.